

Ársskýrsla starfsárið 2024-2025

Loftslagsráð hefur það meginhlutverk að veita stjórnvöldum aðhald með faglegri ráðgjöf. Ráðið er sjálfstætt starfandi og sinnir hlutverki sínu með því að rýna áætlanir stjórnvalda og stuðla að upplýstri umræðu um aðgerðir í loftslagsmálum.

Loftslagsráð vinnur samkvæmt [starfsáætlun](#) sem lýsir markmiðum ráðsins, áherslum og viðfangsefnum hverju sinni.

Í þessari skýrslu er fjallað um starfsemi Loftslagsráðs því að nýtt ráð var skipað á vordögum 2024 til desember 2025.

Breytingar á skipan og starfsemi Loftslagsráðs 2023-2024

Loftslagsráð var fyrst sett á fót á grundvelli þingsályktunar 2018 og aftur 2019 í kjölfar breytinga á lögum um loftslagsmál. Í stjórnarsáttmála 2021 var kveðið á um að hlutverk Loftslagsráðs skyldi tekið til endurskoðunar, með aukinni áherslu á ráðgefandi hlutverk og vísindastarf, auk aðhalds- og eftirlitshlutverks gagnvart stjórnvöldum. Þeirri endurskoðun lauk á vormánuðum 2024 með setningu [reglugerðar um loftslagsráð nr. 334/2024](#). Við endurskoðunina var horft til ábendinga í [skýrslu](#) sem unnin var um starfsemi þess, sem og [niðurstöðu málþings](#) um loftslagsráð sem haldið var í janúar 2024.

Skipunartími ráðsins rann út haustið 2023, endurskipað var því í ráðið á vormánuðum 2024 á grundvelli [nýrrar reglugerðar](#) og kom nýtt ráð saman í fyrsta skipti í júní 2024. Á svipuðum tíma fór þáverandi framkvæmdastjóri ráðsins til annarra starfa og starfsemi nýskipaðs ráðs hófst ekki að nýju fyrr en í byrjun september 2024. Takmörkuð starfsemi var því frá janúar til september 2024 og því nær ársskýrslan yfir starfsemi ráðsins frá hausti 2024 til desemberloka 2025.

Fulltrúar - skipan Loftslagsráðs og breytingar

Vorið 2024 tók gildi reglugerð nr. 334/2024 um Loftslagsráð. Kveður reglugerðin m.a. á um hæfniviðmið sem ráðherra skal hafa til hliðsjónar við skipan fulltrúa. Fulltrúar í Loftslagsráði eru einungis bundnir af eigin dómgreind og er það áréttað í fyrrnefndri reglugerð.

LOFTSLAGSRÁÐ ///

Samkvæmt reglugerðinni skulu fulltrúar Loftslagsráðs búa yfir þekkingu og reynslu á a.m.k. einum af eftirtöldum málaflokkum á sviði loftslagsmála og fullskipað skal það búa yfir þekkingu á öllum ofangreindum sviðum:

- Loftslagsrétti, stjórnýslu og stefnumótun
- Loftslagsvísindum, áhættugreiningum og náttúruvá
- Skipulagi og landnýtingu
- Hagrænum og samfélagslegum greiningum
- Samfélagslegum breytingum og réttlátum umskiptum
- Líffræðilegum fjölbreytileika, kolefnishringrás lands og vistkerfisþjónustu
- Nýsköpun og tækniþróun
- Orkumálum í samhengi orkuskipta og kolefnishlutleysis

Loftslagsráð var formlega skipað á vormánuðum 2024 alls 9 sérfræðingum. Í anda laga nr. 70/2012 um loftslagsmál var leitað tilnefninga atvinnulífsins, háskólasamfélagsins, sveitarfélaga og umhverfisverndarsamtaka. Óskað var eftir 3 tilnefningum frá hverjum aðila. Skipaði ráðherra síðan fulltrúa í ráðið úr þessum hópi að fenginni tillögu valnefndar sem m.a. gekk úr skugga um að ráðið byggi yfir þekkingu á öllum þeim sviðum sem talin eru upp í reglugerðinni.

Eftirfarandi fulltrúar eiga sæti í Loftslagsráði:

Halldór Þorgeirsson, formaður, plöntulífeðlisfræðingur
Brynhildur Davíðsdóttir, varaformaður, prófessor í umhverfis- og auðlindafræði við Háskóla Íslands
Halldór Björnsson, haf og veðurfræðingur, Veðurstofu Íslands
Helga Jóhanna Bjarnadóttir, Sviðstjóri samfélagssviðs EFLU
Stefán Þór Eysteinnsson, fagstjóri hjá Matís
Auður Alfa Ólafsdóttir, sérfræðingur í umhverfismálum hjá ASÍ
Bjarni Már Magnússon, prófessor og deildarforseti við lagadeild Háskólans á Bifröst
Bjarni Diðrik Sigurðsson, prófessor og deildarforseti við Náttúru- og skógadeild LBHÍ
Þorgerður María Þorbjarnadóttir, jarðfræðingur og formaður Landverndar

Varafulltrúar í ráðinu eru:

Helga Ögmundardóttir, dósent í mannfræði við Háskóla Íslands
Ingibjörg Svala Jónsdóttir, prófessor í vistfærði við Háskóla Íslands

Skrifstofa Loftslagsráðs

Starfsemi skrifstofu Loftslagsráðs lá að hluta niðri starfsárið 2023-2024. Þáverandi framkvæmdastjóri ráðsins fór til annarra starfa í júní 2024 og nýr framkvæmdastjóri, Anna Sigurveig Ragnarsdóttir tók við 1. september 2024. Á sama tíma ákvað þáverandi ráðherra að efla sjálfstæði ráðsins enn frekar með því að færa skrifstofu ráðsins alfarið

LOFTSLAGSRÁÐ ///

úr umsjón umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins til Veðurstofu Íslands. Er þetta liður í stefnu um aukið sjálfstæði ráðsins sem endurspeglast í ofangreindri reglugerð.

Afurðir

Unnið var samkvæmt útgefinni starfsáætlun eftir skilgreindum vinnustraumum. Ráðið sendi frá sér fjögur álit, tvö minnisblöð og eina umsögn um þingmál á tímabilinu. Jafnframt var unnið að tveimur stærri verkefnum sem verða birt á fyrstu mánuðum ársins 2026: skýrslu um endurheimt votlendis og staðreyndablöð um losun. Afurðir eru birtar á vefsíðu Loftslagsráðs.

Álit Loftslagsráðs

[Framkvæmd loftslagsaðgerða – endurskoðuð aðgerðaáætlun – 8. nóvember 2024](#)

[Samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda er lykilaðgerð - 12. febrúar 2025](#)

[Tímamót í loftslagsaðgerðum - 12. júní 2025](#)

[Landsframlag Íslands – 4. nóvember 2025](#)

Minnisblöð og erindi

Ráðið sendi frá sér eftirfarandi minnisblöð og erindi á árinu.

[Minnisblað til forsætisráðuneytis vegna mótunar atvinnustefnu - 4. nóvember 2025](#)

[Minnisblað til Umhverfis-, orku og loftslagsráðherra og utanríkisráðherra um landsframlag gagnvart Parísarsamningnum – 3. október 2025](#)

[Umsögn um frumvarp til laga um kílómetragjald á ökutæki – 24. október 2025](#)

Fundir og önnur viðfangsefni

Loftslagsráð kom saman í 21 skipti á tímabilinu á venjubundnum fundum, sem alla jafna eru á þriggja vikna fresti. Var hluti starfsársins nýttur í innra starf ráðsins, til að byggja upp þekkingu á helstu verkefnum stjórnvalda og fara yfir verklag og áherslur í starfinu á frysta starfsári nýskipaðs Loftslagsráðs.

LOFTSLAGSRÁÐ ///

Yfirlit funda

MEGINUMFJÖLLUNAREFNI HVERS FUNDAR

70. FUNDUR - 12.06.24	Áherslur í starfi ráðsins.
71. FUNDUR - 04.09.24	Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum og áherslur í starfi ráðsins.
72. FUNDUR - 20.09.24	Starfsreglur Loftslagsráðs og kynning á vinnu við aðlögunaráætlun.
73. FUNDUR - 04.10.24	Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum.
74. FUNDUR - 01.11.24	Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum.
75. FUNDUR - 08.11.24	Álit Loftslagsráðs um aðgerðaáætlun í loftslagsmálum.
76. FUNDUR - 29.11.24	Hagrænir hvatar og gjaldtaka í samhengi loftslagsmarkmiða.
77. FUNDUR - 13.12.24	Hagrænir hvatar og gjaldtaka. Niðurstaða COP29 og þýðing fyrir Ísland.
78. FUNDUR - 16.01.25	Stefnumótun. Hagrænir hvatar og gjaldtaka.
79. FUNDUR - 06.02.25	Hagrænir hvatar og gjaldtaka í samhengi loftslagsmarkmiða. Álit Loftslagsráðs.
80. FUNDUR - 27.02.25	Starfsáætlun og skilgreining áhersluverkefna.
81. FUNDUR - 20.03.25	NDC og lög um loftslagsmál. Hnattverkfræði í þágu loftslags.
82. FUNDUR - 07.04.25	Skuldbindingar Íslands og 6. grein Parísarsamningsins. Lög um loftslagsmál.
83. FUNDUR - 08.05.25	Aðlögun að loftslagsbreytingum og vísindaráðgjöf.
84. FUNDUR - 22.05.25	Aðlögun að loftslagsbreytingum og vísindaráðgjöf.
85. FUNDUR - 12.06.25	Álit ráðsins – Tímamót í loftslagsaðgerðum.
86. FUNDUR - 02.10.25	Kynning forsætisráðuneytis á mótun atvinnustefnu – Landsframlag Íslands til Loftslagssamnings S.þ.
87. FUNDUR - 23.10.25	Tölur um losun – Landsframlag til Loftslagssamnings S.þ.
88. FUNDUR - 04.11.25	Kynning á forgangsaðgerðum aðlögunaráætlunar – Landsframlag til loftslagssamnings S.þ. – Mótun atvinnustefnu.
89. FUNDUR - 27.11.25	Aðlögunaráætlun – Mótun atvinnustefnu – COP30.
90. FUNDUR - 18.12.25	Aðlögunaráætlun – Mótun atvinnustefnu.

Þrjú lengri fundir voru haldnir á tímabilinu, 70. fundur ráðsins í upphafi starfsins og sérstakir stefnumótunarfundir í janúar og september 2025. Á fundi ráðsins þann 13. janúar 2025 var útgangspunkturinn væntingar fulltrúa í ráðinu til starfsins og þeirrar óskastöðu sem ráðið myndi stefna að. Niðurstöður fundarins voru nýttar til að leggja grunn að starfsáætlun og skilgreiningar á verkefnum. Unnið hefur verið samkvæmt starfsáætlun sem gefin var út 27. febrúar 2025.

Á seinni stefnumótunarfundi ráðsins, í september 2025, var farið nánar í einstaka viðfangsefni, meðal annars drög að frumvarpi að nýjum lögum um loftslagsmál, landsframlag Íslands gagnvart Parísarsamningnum og rýnt í tölur um þróun losunar gróðurhúsalofttegunda.

Ráðið fékk einnig ýmsar aðrar kynningar utan venjulegs fundartíma

- 16.12.2024** Kynning Lands og skógar á bókhaldi um losun gróðurhúsalofttegunda
- 22.11.2024** Kynning Umhverfisstofnunar á bókhaldi um losun gróðurhúsalofttegunda
- 22.11.2024** Kynning á skýrslu starfshóps um kolefnismarkaði
- 06.12.2024** Kynning Umhverfisstofnunar á skuldbindingum í loftslagsmálum
- 07.05.2025** Kynning Umhverfisstofnunar á skýrslu um framreikninga
- 09.05.2025** Kynning Lands og skógar á skýrslu um framreikninga
- 28.05.2025** Kynning KPMG á kostnaðar og ábatamati á aðgerðaáætlun í loftslagsmálum
- 28.10.2025** Kynning frá Carbfix um áform fyrirtækisins og viðhorf almennings

Pistlar á vefsíðu

Loftslagsráð rekur heimasíðu þar sem birtar eru afurðir ráðsins og upplýsingar um starfsemi þess. Í lok árs 2025 var unnið á endurbótum á vefnum og lauk þeirri vinnu í byrjun árs 2026.

Pistlar um loftslagstengd málefni voru birtir á vefsíðu ráðsins reglulega frá vormánuðum. Þeir voru unnir fyrir Loftslagsráð ýmist af Guðmundi Steingrímssyni umhverfis- og auðlindafræðingi eða Önnu Sigurveigu Ragnarsdóttur framkvæmdastjóra ráðsins.

Pistlarnir fjalla almennt um stöðu, áskoranir og viðbrögð við loftslagsbreytingum auk þess sem athygli er vakin gagnlegum samantektum, rannsóknum og skýrslum.

Innlent samstarf

Loftslagsráð átti fjölmarga tvíliða fundi með innlendum aðilum á liðnu starfsári. Þar má nefna reglulega upplýsingafundi með umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti. Ráðið hitti forstjóra þeirra stofnana ráðuneytisins sem hafa með loftslagsmál að gera. Auk þess fundaði framkvæmdastjórn ráðsins með fjármála- og efnahagsráðherra í mars 2025. Fjölmarginir leita til skrifstofu Loftslagsráðs og er alla jafna leitast við að taka jákvætt í beiðnir um samtal. Að lokum tók ráðið á móti ýmsum hópum, innlendum sem og erlendum, sem komu til að kynna sér starfsemi þess.

Loftslagsráð átti fulltrúa á fjölmörgun opinberum viðburðum á starfsárinu og tók beinan þátt dagskrá margra þeirra. Meðal annars sá formaður Loftslagsráðs sá um samantekt

LOFTSLAGSRÁÐ ///

umræðna í lok loftslagsdag Umhverfis- og orkustofnunar, flutti erindi á sjálfbærniþingi Landsbankans og tók þátt í pallborði á umhverfisþingi Samtaka atvinnulífsins. Aðrir fulltrúar tóku einnig þátt í formlegri dagskrá viðburðum fyrir hönd Loftslagsráðs.

Erlent samstarf

Loftslagsráð tók virkan þátt í erlendu samstarfi á árinu. Loftslagsráð er stofnaðili að alþjóðasamtökum Loftslagsráða [International Climate Councils Network](#) (ICCN) og tekur virkan þátt í starfi þeirra. Liðið starfsár var tímamótaár fyrir samtökin þar skrifstofa ráðsins fékk fasta skrifstofu sem fjármögnuð er með framlögum aðildarríkja og styrk frá Evrópska Loftslagssjóðnum (European Climate Foundation). Skrifstofan samtakanna er í London og eru þar þrír starfsmenn í fullu starfi.

Með þessu hefur faglegt starf ICCN innan ráðsins eflst til muna, til stuðnings aðildarráðum og eru nú starfandi fjórir faglegir vinnuhópar sem framkvæmdastjóri tekur þátt í fyrir hönd ráðsins. Stóðu samtökin jafnframt fyrir fjórum vefviðburðum á árinu sem stóðu opnir öllum meðlimum ráðsins.

Sýnileiki samtakanna hefur jafnframt stóraukist, bæði beint gagnvart aðilum samtakanna og alþjóðlega, en jafnframt er leitast við að auka sýnileika loftslagsráða, sérstöðu og faglegt starf slíkra fagráða á COP29, London Climate Week og öðrum loftslagstengdum viðburðum.

Fjölþjóðleg vinnustofa - Hlutverk óháðra ráðgjafarstofnana og dómstóla í ESB

Formaður og framkvæmdastjóri sóttu tveggja daga vinnustofu á vegum ICCN og Grantham Institute í London. Vinnustofan var hluti af evrópska Horizon verkefninu [Retool](#), sem snýr að tvöfaldri áskorun, að bregðast við loftslagsvandannum og á sama tíma styrkja lýðræðislega stjórnarhætti.

Tíminn var einnig nýttur til að funda og styrkja tengsl við önnur loftslagsráð og aðila sem ráðið gæti unnið með í framtíðinni. Auk þess funduðu fulltrúar ráðsins með nýjum framkvæmdastjóra breska Loftslagsráðsins.

COP30 í Belem

Aðildarríkjaþing loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna, COP30, var haldið 10. til 21. nóvember 2025 í Belem í Brasilíu. Anna Sigurveig, framkvæmdastjóri Loftslagsráðs tók þátt í fyrri viku þingsins fyrir hönd Loftslagsráðs. Meginmarkmið þátttökunnar var að

LOFTSLAGSRÁÐ ///

vekja athygli á starfsemi ráðsins og tengjast öðrum loftslagsráðum og fulltrúum þeirra, fyrst og fremst í gegnum Alþjóðasamtök Loftslagsráða, deila reynslu af starfinu og styrkja rödd samtakanna og loftslagsráða á alþjóðavettvangi.

24. febrúar 2026

Anna Sigurveig Ragnarsdóttir

Framkvæmdastjóri Loftslagsráðs